



# SÖNGLÖG

Við á Hörðuvöllum erum góðir félagar  
og okkur þykir gaman að vera alltaf saman.  
Á valfundum við erum stundum óheppin,  
þegar svæðin eru upptekin.

En ekki fýlu bara hress, bara hress  
og veljum okkur bara eitthvað annað heldur  
en fýlu.

En ekki fýlu bara hress, bara hress  
og veljum okkur bara eitthvað annað heldur  
en fýlu.

## Yfirlit

A og B .....	3
Allir krakkar .....	3
Allur matur .....	3
Á bjargi byggði.....	3
Ausulagið.....	3
Bangsi lúrir .....	3
Bátasmiðurinn.....	3
Ba bú, ba bú .....	3
Bílalagið .....	4
Dansi, dansi dúkkan mín .....	4
Dúkkan hennar Dóru.....	4
Ding dong .....	4
Ein sit ég og sauma.....	4
Ein stutt, ein löng .....	4
Ég er mús.....	4
Ég fór í dýragarð í gær.....	5
Ég heyri svo vel.....	5
Fimm litlir apar .....	5
Fiskalagið.....	5
Foli, foli fótalipri .....	5
Fyrst á réttunni.....	5
Ferskeytlur .....	6
Fingrapula .....	6
Fingravísur.....	7
Halli .....	7
Gráðug kerling.....	7

Gull og perlur .....	7
Hani, krummi, .....	7
Hóký póký .....	7
Hreyfa litla fingur.....	7
Hver var að hlæja .....	7
Höfuð, herðar, hné og tær.....	8
Indjálalagið .....	8
Í leikskóla er gaman .....	8
Í rigningu ég syng.....	8
Kalli litli kónguló .....	8
Karl gekk út um morguntíma.....	8
Keli káti .....	9
Kisutangó .....	9
Kanntu brauð að baka? .....	9
Komdu kisa mín .....	9
Kolakassinn .....	9
Krummi krunkar úti. ....	9
Krummi svaf í klettagjá.....	10
Litla kisa .....	10
Lítill heimur.....	10
Ljónavísur .....	10
Lonniétturnar.....	10
Lóan er komin.....	10
Nafnavísa .....	10
Maja maríuhæna .....	11
Nammilagið .....	11
Óskasteinar .....	11

Sá ég spóa .....	11
Siggi var úti.....	11
Sigling .....	11
Sól sól skín á mig .....	12
Signir sól .....	12
Stóra brúin .....	12
Tombai .....	12
Strætólagið.....	12
Tröllalagið.....	13
Uglulagið .....	13
Upp á grænum .....	13
Upp upp upp á fjall.....	13
Út um mela og móa.....	13
Vertu til er vorið kallar á þig....	13
Vinalagið (meistai Jakob) .....	13
Við erum góð.....	13
Við erum söngvasveinar .....	14
Vögguvísa .....	14
Það var einu sinni api .....	14

## A og B

A og B spott og spé  
grísinn galar upp í tré.  
Lítill mús til okkar fús  
kom og byggði hús.

Lamb í baði borðar súkkulaði  
hundur jarmar galar grísinn hátt.

A og B spott og spé  
grísinn galar upp í tré.  
Hróp og köll um víðann völl  
og þá er sagan öll.

## Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar eru' í  
skessuleik.  
Má ég ekki mamma, með í leikinn  
þamma?  
Mig langar svo, mig langar svo,  
að lyfta mér á kreik.

Allir krakkar, allir krakkar eru að fara út.  
Út með skóflu og fötu en ekki út á götu.  
Allir krakkar, allir krakkar eru að fara út.

Allir krakkar, allir krakkar eru' að fara  
heim.  
Heim til pabba og mömmu,  
líka afa og ömmu  
allir krakkar, allir krakkar eru' að fara  
heim.

## Allur matur

Allur matur á að fara  
upp í munn og ofan í maga.  
Heyrið það, heyrið það!  
Svo ekki gauli garnirnar.

## Á bjargi byggði

Á sandi byggði heimskur maður hús (x3)  
og þá kom steypiregn og vatnið óx og  
óx (x3)  
og húsið á sandinum það féll.

Á bjargi byggði hygginn maður hús (x3)  
og þá kom steypiregn og vatnið óx og  
óx (x3)  
og húsið á bjarginu stóð fast.

## Ausulagið

Einn var að smíða ausutetur  
annar hjá honum sat  
sá þriðji kom og bætti um betur  
og boraði á hana gat.  
Hann boraði á hana eitt  
hann boraði á hana tvö  
hann boraði á hana þrjú og fjögur,  
fimm og sex og sjö.

## Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir bæli sínu í.  
Hann er stundum stúrin,  
stirður eftir lúrin.  
Að hann sofi, að hann sofi  
enginn treystir því.

## Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát.  
Og síðan á sjóinn ég sigli með gát.  
Og báturinn vaggar og veltist um sæ.  
Ég fjörugum fiskum með færinu næ.

## Ba bú, ba bú

(Jón Hlödver Áskelsson)

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.  
Hvert er hann að fara?  
Vatn á eld að sprauta - tss, tss, tss, tss!  
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.  
Hvert er hún að fara?  
Út í skóg að ganga - uss, uss, uss, uss!  
Skógarpróst að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpróstur syngur.  
Hvert er hann að fara?  
Burt frá kisu flýgur - víí, víí, víí, víí!  
Loftin blá hann smýgur.

## Bílalagið

Við setjum svissinn á  
og við kúplum gírnum frá,  
þá er startað og druslan fer í gang.  
Það er enginn vandi að aka bifreið  
ef maður bara kemur henni í gang.

## Dansi, dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.  
Dæmalaust er stúlkan fin.  
Voða fallett hrokkið hár,  
hettan rauð og kjóllinn blár.

Svo er hún með silkiskó,  
sokka hvíta eins og snjó.  
Heldurðu' ekki' að hún sé fin?  
Dansi, dansi dúkkan mín.

## Dúkkan hennar Dóru.

Dúkkan hennar Dóru var með sótt, sótt,  
sótt.  
Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt,  
fljótt, fljótt.  
Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt.  
Hann bankaði á hurðina rattdadadaa.

Hann skoðað dúkku og hristi sinn haus.  
Hún strax skal í rúmið og ekkert raus.  
Hann skrifaði niður hvaða pillu skildi fá.  
Ég kem á morgun ef hún er enn veik þá.

## Ding dong

Ding,dong - Froskurinn blikkar augunum
Um,eh - Eðlan rekur út úr sér tunguna
King,kong - Apinn slær á brjóst sér
Mjá,mjá - Kisan mjálmur
Blúbb,blúbb - Fiskurinn opnar munninn

Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag  
Ding,dong sagði lítill grænn froskur  
Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag  
Og svo líka ding,dong, dongi, dongi, dongi,  
dongi,dong.

Uhm,eh, sagði lítill græn eðla einn dag  
Uhm,eh, sagði lítill græn eðla  
Uhm,eh, sagði lítill græn eðla einn dag  
og svo líka uhm,eh,ull,ull,ull,ull,ull.

King kong sagði stór svartur api einn dag  
King kong sagði stór svartur api  
King kong sagði stór svartur api einn dag  
og svo líka king  
kong,kone,konge,konge,konge,kong.

Mjá,mjá sagði lítill grá kisa einn dag  
Mjá,mjá sagði lítill grá kisa  
Mjá,mjá sagði lítill grá kisa einn dag  
og svo líka mjá,mjá - mjá

Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag  
Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur  
Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag  
og svo líka blúbb, blúbb, blúbb, blúbb,  
blúbb.

## Ein sit ég og sauma

Ein sit ég og sauma inni litlu húsi.  
Enginn kemur að sjá mig nema litla  
músin.  
Hoppaðu upp og lokaðu augunum.  
Bentu í austur, bentu í vestur.  
Bentu á ,þann sem að þér þykir bestur.

## Ein stutt, ein löng

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng  
og flokkur sem spilaði og söng.  
Köttur og mús og sætt lítið hús,  
sætt lítið hús og köttur og mús.  
Ein stutt, ein löng, hringur á stöng  
og flokkur sem spilaði og söng.

## Ég er mús.

(Lag: Þegar barnið í fót sín fer)

Ég er mús eins og allir sjá,  
lík er pabba og mömmu sem ég á.  
Ostur besta sem ég veit  
enda er ég soldið feit.  
Sona er að vera mús  
og kunna ekki að drekka úr krús  
en mig langar svo oft í djús.  
Ég heiti;  
Mýsla tísla, tása, túsla (x3)  
þetta heiti ég.

## Ég fór í dýragarð í gær

(Soffía Vagnsdóttir)

Ég fór í dýragarð í gær og gettu hvað ég sá.

Ég fór í dýragarð í gær og gettu hvað ég sá.

[E.t.v. Hvað sást þú?

Barn: "Ég sá fíl" ]

F-F-F-F Fílinn þar ég sá!!

## Ég heyri svo vel

(Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson)

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,  
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,  
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,  
heyri hárið vaxa heyri neglurnar  
lengjast,  
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,  
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,  
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,  
andlitin lifna og húsin dansa  
og vindurinn hlær.

## Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppí tré  
þeir voru að stríða krókódíl  
þú nærð ekki mér.  
Þá kom hann herra krókódíll hægt og  
rólega og amm.  
Fjórir litlir apar sátu uppí tré...  
En maginn á herra krókódíl var orðinn  
svona stór.

(Þýð. Hrafnhildur Sigurðardóttir)

Fimm litlir apar hoppa á dýnu,  
Einn datt af og meiddi sig þínu.  
Mamma kyssti' á bágtið og sagði'  
„allt í þínu“,  
En nú mega ekki fleiri apar hoppa  
á dýnu.“

## Fiskalagið

Hafið þið heyrt söguna um fiskana tvo.  
Sem ævi sína enduðu í netinu svo.  
Þeir syntu og syntu og syntu' út um allt  
en mamma þeirra sagði „vatnið er kalt“.

Ba ba bú ba ba bú.

Ba ba bú ba ba bú.

Þeir syntu og syntu og syntu' út um allt  
en mamma þeirra sagði „vatnið er kalt.“

Annar hét Gunnar en hinn hér Geir,  
þeir voru pínulitlir báðir tveir,  
þeir syntu og syntu og syntu' út um allt  
en mamma þeirra sagði “vatnið er kalt.”

Ba ba bú ba ba bú.

Ba ba bú ba ba bú.

## Foli, foli fótalipri

(Ljóðlag frá Lettlandi. Ljóð, Hildigunnur Halldórsdóttir)

;;:Foli, foli fótalipri flýttu þér nú heim  
að,;:

;;:Tra-rí ral-la-la flýttu þér nú heim að  
bæ,;:

;;:Heima mun þín heyið bíða en hjá  
mömmu koss ég fæ,;:

;;:Tra-rí ral-la-la en hjá mömmu koss ég  
fæ,;:

;;:Herðir hlaupin hlaupagarpur hreint ei  
telur sporin sín,;:

;;:Tra-rí ral-la-la hreint ei telur sporin  
sín,;:

## Fyrst á réttunni

Fyrst á réttunni, svo á röngunni  
tjú, tjú, trallalla.

Fyrst á réttunni, svo á röngunni  
tjú, tjú, trallalla.

Klappa saman lófunum, stappa niður  
fótunum.

Klappa saman lófunum, stappa niður  
fótunum.

## Ferskeytlur

Afi minn fór á honum Rauð  
eitthvað suður í bæi.  
Sækja bæði sykur og brauð  
sitt af hvoru tagi.

Afi minn og amma mín  
úti á Bakka búa.  
Þau eru bæði sæt og fín  
þangað vil ég fljúga.

Afi minn og amma mín  
fóru út að hjóla.  
Afi datt í drullupoll  
og amma fór að spóla.

Fljúga hvítu fiðrildin  
fyrir utan glugga  
þarna siglir einhver inn  
ofurlítill dugga.

Sigga litla systir mín  
situr út í götu  
er að mjólka ána sín  
í ofurlitla fötu.

Fuglinn segir bí, bí ,bí  
bí, bí segir Stína.  
Kveldúlfur er kominn í  
kerlinguna mína.

Kristín litla, komdu hér  
með kalda fingur þína.  
Ég skal bráðum bjóða þér  
báða lófa mína.

Klappa saman lófunum  
reka féð úr múnum  
vinna sér inn bita  
láta ekki hann pabba víta.

Litla Jörp með lipran fót  
labbar götu þvera.  
Hún skal seinna á mannamót  
mig í söðli bera.

Tunglið, tunglið taktu mig,  
og berðu mig upp til skýja.  
Þar situr hún móðir mín  
og syngur lofgerð nýja.

Klappa saman lófunum,  
reka féð úr múnum,  
röлта́ á eftir tófunum,  
tína egg úr spóunum

Nú er úti veður vont  
verður allt að klessu.  
Ekki fær hann Grímur gott  
að gifta sig í þessu.

Rúnki fór í réttirnar  
ríðandi á honum Sokka.  
Yfir holt og hæðirnar  
hann lét klárinn brokka.

## Fingrabula

Pumalfingur er mamma,  
sem var mér vænst og best.  
Vísifingur er pabbi,  
sem gaf mér rauðan hest.  
Langatöng er bróðir,  
sem býr til falleg gull.  
Baugfingur er systir,  
sem þrjónar sokka úr ull.  
Litlifingur er barnið,  
sem leikur að skel.  
Litli þínu anginn,  
sem stækkar svo vel.

Hér er allt fólkið  
svo fallegt og nett.  
Fimm eru á bænum,  
ef talið er rétt.  
Ósköp væri gaman  
í þessum heim,  
ef öllum kæmi saman  
jafn vel og þeim.

## Fingravísur

Þumalfingur, þumalfingur,  
hvar ert þú?  
Hér er ég, hér er ég.  
Góðan daginn, daginn, daginn.  
Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?  
Langatöng...

## Halli

Haldið ekki' að Halli komi' á grúfunni,  
á heljarstökki fram af einni þúfunni.  
Hann fór það bara fínt,  
en hélt hann hefði týnt  
glæraugunum, höfðinu' eða húfunni.

## Gráðug kerling

(Lag og ljóð: Þorkell Sigurbjörnsson)

Gráðug kelling hitaði sér velling  
og borðaði (namm, namm, namm)  
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)  
af honum heilan helling.

Svangur kallinn varð alveg dolfallinn  
og starði svo (sko, sko, sko)  
heilan dag (o, ho, ho)  
ofan í tóman dallinn.

## Gull og perlur

(Texti: Hjálmar Freysteinnsson)  
(lag: Vem kan segla för utan vind)

Gulli og perlum að safna sér  
sumir endalaust reyna.  
Vita ekki að vináttan er  
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér  
og gimsteina ekki neina.  
En viltu muna að vináttan er  
verðmætust eðalsteina.

## Hani, krummi,

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur.

Galar, krunkar, geltir, hrín,  
hneggjar, tístir, syngur.

## Hóký póký

Við setjum hægri höndina inn,  
við setjum hægri höndina út,  
inn, út, inn, út  
og hristum hana til.

Við gerum hóký póký  
og snúum okkur í hring  
þetta er allt og sumt.

Ó, hóký, hóký, póký  
Ó, hóký, hóký, póký  
Ó, hóký, hóký, póký  
þetta er allt og sumt.

(sungið eins um vinstri hönd, hægri fót, vinstri fót,  
hægri mjóðm og vinstri mjóðm)

## Hreyfa litla fingur

(Höf. Soffía Vagnsdóttir)

Hreyfa litla fingur (3x)  
og frjósa eins og skot

Hreyfa litlar tásur...  
Hreyfa litla rassa...  
Hreyfa lítil augu.....  
Hreyfa lítil nef.....  
Hreyfa litla munna...  
Hreyfa litlar hendur.....  
Hreyfa litlar fætur...  
Hreyfa okkur sjálf....

## Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég kom inn?  
Kannski það hafi verið kötturinn.  
Jæja nú jæja, látum hann hlæja,  
kannski hann hlæji ekki í annað sinn.  
Jæja nú jæja, látum hann hlæja,  
kannski hann hlæji ekki í annað sinn.



## Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð, herðar, :,:hné og tær,:  
Höfuð, herðar, :,:hné og tær,:  
Augu, eyru, munnur og nef.  
Höfuð, herðar, :,:hné og tær,::

Hnakki, kinnar, :,:haka, háls,:  
Hnakki, kinnar, :,:haka, háls,:  
Bringa, magi, bak og rass.  
Hnakki, kinnar, :,:haka, háls,::

## Indjánaagið

Einn og tveir og þrír indíánar  
fjórir og fimm og sex indíánar  
sjö og átta og níu indíánar  
tíu indíánar í skóginum.  
Allir voru með byssur og boga,  
Allir voru með byssur og boga.  
Allir voru svo kátir og glaðir,  
þeir ætluðu að veiða björninn.  
Uss, þarna heyrst eitthvað braka,  
Uss þarna heyrst fuglar kvaka.  
Fram kom stóri og grimmi björninn.  
Arrg  
Þá hlupu þeir heim til sín.

Þá hlupu,  
Einn og tveir og þrír indíánar  
fjórir og fimm og sex indíánar  
sjö og átta og níu indíánar  
einn indíáni varð eftir  
Hann var ekki hræddur  
Við stóra björninn.  
Bang, hann skaut og hitti björninn,  
Svo tók hann af honum  
Allan haminn  
Og hélt aftur heim til sín.

Þá komu,  
Einn og tveir og þrír indíánar  
fjórir og fimm og sex indíánar  
sjö og átta og níu indíánar  
allir að skoða björninn.

## Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,  
þar leika allir saman.  
Leika úti og inni  
og allir eru með.

Hnoða leir og lita,  
þið ættuð bara að vita  
hvað allir eru duglegir  
í leikskólanum hér.

## Í rigningu ég syng

:/: Í rigningu ég syng :/  
Það er stórkostlegt veður  
og mér líður svo vel.  
Þumlar upp...  
:/: atjúttítja atjúttítja atjúttítja tja :/:

Í rigningu ég .....

Arma að.....  
Fætur inn.....  
Rassinn út.....  
Á öðrum fæti.....  
Tungan út.....

## Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði upp á vegg.  
Þá kom rigning og Kalli litli féll.  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp  
og Kalli litli kónguló klifraði upp á topp.

## Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma.  
Taldi alla sauði sína.  
Einn og tveir og þrír og fjórir allir voru  
þeir.  
Með höndunum gerum við klapp,  
klapp, klapp  
með fótunum gerum við stapp, stapp,  
stapp.  
Einn, tveir, þrír, ofurlítið spor  
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

## Keli káti

Ég heiti Keli káti karl og kraftajötunn er.  
Og þegar ég fer út, út, hrökkva' allir í kút, kút.

Ég heiti Keli káti karl. Tra-la la la la la.

## Kisutangó

Mín kisa á vökul eyru og veiðihár og rófu og viðkvæmt lítið trýni hún sleikir oft og þvær.

Hún unir datt við leiki og aldrei sýnir klær og engin kisa í heimi á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó, hún teygir sig og reigir og er svo fött og brött.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó, ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan kött!

Tra - lala-lala-la - mjá-á-á.

## Kanntu brauð að baka?

Kanntu brauð að baka?

Já, það kann ég.

Svo úr því verði kaka?

Já, það kann ég.

Ertu alveg viss um

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu mat að sjóða?

Og gestum heim að bjóða?

Kanntu ber að tína?

Og stoppa í sokka fina?

Kanntu að sjóða fiskinn?

Og færa hann upp á diskinn?

Sjáðu hér er hringur

Já, það sé ég.

Ég set hann á þinn fingur.

Já, það vil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta.

Já, það vil ég.

Því hann má ekki vanta.

Nei, það skil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

## Komdu kisa mín

Komdu kisa mín

kló er falleg þín

og grátt þitt gamla trýn.

Mikið malar þú,

mér það líkar nú.

Víst ertu vænsta hjú.

Banar margri mús,

mitt þú friðar hús,

ekki' er á þér lús,

oft þú spilar brús.

Undra sniðug, létt og liðug

leikur bæði snör og fús.

Við skulum drekka dús.

## Kolakassinn

Siggi datt í kolakassann,

hæfadderífadderalala.

Þegar Gunna átti' að passa' hann,

hæfadderífadderalala.

Ef hann Óli vissi það

þá yrði' hann alveg steinhissa.

Hæfadderí, hæfaddera,

hæfadderífadderalala.

## Krummi krunkar úti.

Krummi krunkar úti, kallar á nafna sinn:

„Ég fann höfuð af hrúti, hrygg og gæruskinn.

:/: Komdu nú og kroppaðu með mér, krummi nafni minn“ .:/:

## Krummi svaf í klettagjá

(Íslenskt þjóðlag. Ljóð: Jón Thoroddsen)

Krummi svaf í klettagjá  
kaldri vetrarnóttu á,  
:/: Verður margt að meini, :/:  
fyrir en dagur fagur rann  
freðið nefið dregur hann  
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor  
ekkert fæst við ströndu mor  
:/: svengd er metti mína, :/:  
ef að húsum heim ég fer  
heimafrakkur bannar mér  
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,  
einnig brýndi gogginn vel  
:/: flaug úr fjallagjótum, :/:  
lítur yfir byggð og bú,  
á bæjum fyrir en vakna hjú,  
:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá  
sauður feitur garði hjá  
:/: fyrrum frá á velli, :/:  
krunk, krunk, nafnar, komið hér  
krunk, krunk því oss búin er  
:/: krás á köldu svelli. :/:

## Litla kisa

Litla kisa, litla kisa leptu rjómann þinn.  
Langar þig að lúra, liggja hér og kúra?  
Víst þú hefur, víst þú hefur  
voða fallegt skinn.

## Lítill heimur

*Þýskt þjóðlag*

Það er gott að vera sem gleðin býr,  
þar sem gerast sögur og ævintýr.  
Svona er veröldin okkar  
sem laðar og lokkar  
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur hýr,  
lítill heimur ljúfur hýr,  
lítill heimur ljúfur hýr,  
eins og ævintýr.

It's a small world after all. (3x)  
It's a small small world.

## Ljónavísur

Langt inni skóginum þar búa ljónin  
Ljónapabbi, Ljónamamma og litli ljónsi flónsi  
ARRRR segir ljónapabbi  
ARRRR segir ljónamamma  
En hann litli ljónsi flónsi segir bara – mjááá

## Lonníetturnar

Danskt lag .Þýðing: Ingimar Jóhannesson og Bjarni Jónsson

Ég lonníetturnar lét á nefið  
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.  
Ég las það oft og mér leiddist aldrei  
því lifað gæti ég ei án þín.  
La la la la la la, ljúfa La la la la la la, ljúfa.  
Ég las það oft og mér leiddist aldrei  
því lifað gæti ég ei án þín.

## Lóan er komin

(Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson)

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.  
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,  
hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

## Nafnavísa

„Sigga“ dansar á pallinum,  
en „Gunná“ skellihlær.  
„Erna“ er á sokkunum  
og „Bjarney“ datt í gær.  
„Guðrún“ keyrir bíl með „Nonna“ á.  
„Palli“ kastar bolta til allra krakkanna.

## Maja maríuhæna

Þýðing: Baldur Kristinsson og Birte Harksen

Maja Maríuhæna  
fór í gönguferð væna  
og rakst þar á hann Sigga Fel  
sem svaf í sinni sniglaskel

Svo kom rok og steypiregn  
og Maja blotnaði í gegn.  
"Kæra Sigggi, hleyp mér inn  
í sniglaskeljarkuðunginn"

"Já, gakkt' í bæinn, Maja kær  
svo þorni þínar blautu tær.  
Stofan mín er þröng og mjó  
en alveg laus við regn og snjó"

Þá sátu Maja og Sigggi hér  
alla nótt og skemmtu sér.  
Þau urðu vinir eins og skot  
Og gíftust svo um áramót!

## Nammilagið

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjÓ  
Rosalegt fjör yrði þá  
Ég halla mér aftur með tunguna út  
Ehh ehh ehh ehh ehh ehh ehhhh

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmi  
Rosalegt fjör yrði þá  
Ég halla mér aftur með tunguna út  
Ehh ehh ehh ehh ehh ehh ehhhh

Ef snjórinn væri úr sykarpúðapoppi  
Rosalegt fjör yrði þá  
Ég halla mér aftur með tunguna út  
Ehh ehh ehh ehh ehh ehh ehhhh

Ef grasið væri úr svörtum lakkrisreimum  
rosalegt fjör yrði þá  
Ég halla mér aftur með tunguna út  
ehh ehh ehh ehh ehh ehh ehhhh

## Óskasteinar

(Höfundur texta: Hildigunnur Halldórsdóttir)

(Höfundur lags: Ungverskt þjóðlag)

Fann ég á fjalli fallega steina,  
faldi þá alla, vildi þeim leynd.  
Huldi þar í hellisskúta heilla steina  
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina  
lengur ei man ég óskina neina  
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga  
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur  
geti þær fundið telpa eða drengur.  
Silfurskæra kristalla með grænu og gráu  
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

## Sá ég spóa

Sá ég spóa suður' í flóa  
syngur lóa út í móa  
bí, bí, bí, bí,  
vorið er komið víst á ný.

## Sigggi var úti

Sigggi var úti með ærnar í haga,  
allar stukku þær suður í mó.  
smeykur um holtin var hann að vaga,  
vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.  
Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti,  
agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti.  
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.  
Greyjið hann Sigggi hann þorir ekki heim.

## Sigling

Hafið bláa hafið, hugan dregur.  
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?  
Þangað liggur beinn og breiður vegur,  
bíða mín þar æsku daumalönd.  
Beggja skauta byr bauðst mér ekki fyrir.  
Bruna þú nú bátur minn.  
Svíðu seglum þöndum, svíðu burt frá  
ströndum  
fyrir stafni er haf og himinninn.

## Sól sól skín á mig

Sól sól skín á mig  
ský ský burt með þig.  
Gott fyrir sólina að gleðja sig  
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í bænum,  
sveitirnar klæðast feldinum grænum.  
Ómar allt lífið af yndi og söng  
unaðsbjörtu dægrið löng.

## Signir sól

(Þýskt lag. Ljóð: Gunnar M. Magnúss)

Signir sól sérhvern hól.  
Sveitin klæðist geislakjól.  
Blómin blíð, björt og fríð,  
blika fjalls í hlíð.  
Nú er fagurt flest í dag.  
Fuglar syngja gleðibrag.  
Sumarljóð, sæl og rjóð,  
syngja börnin góð.

## Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,  
upp og niður, upp og niður.  
Stóra brúin fer upp og niður.  
- Allan daginn.

Bílnarir aka yfir brúna,.....  
- Allan daginn.

Skipin sigla undir brúna,.....  
-Allan daginn.

Flugvélar fljúga yfir brúna,....  
- Allan daginn.

Fiskarnir synda undir brúna,....  
- Allan daginn.

Fuglarnir fljúga yfir brúna,....  
- Allan daginn.

Börnin ganga yfir brúna,.....  
- Allan daginn.

## Tombai

Tom bai tom bai tom bai tom bai  
tom bai tom bai tom bai  
Diri don, di ri don  
Di ri di ri don.  
Tra la la la la, tra la la la  
Tra la la la la la. Hai!

## Strætólagið

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring.  
Hring, hring, hring. Hring, hring, hring  
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring  
Út um allan bæinn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,  
út og inn, út og inn.  
Hurðin á strætó opnast út og inn,  
Út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja klink, klink, klink.  
Klink, klink, klink. Klink, klink, klink.  
Peningarnir í strætó segja klink, klink, klink.  
Út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla.  
Bla, bla, bla. Bla, bla, bla.  
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla.  
Út um allan bæinn.

Börinn í strætó segja hí, hí, hí.  
Hí, hí hí. Hí hí hí  
Börinn í strætó segja hí, hí, hí.  
Út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss,uss  
Uss, uss,uss. Uss ,uss ,uss  
Bílstjórinn í Strætó segir uss, uss,uss  
Út um allan bæinn.

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb'  
Bíb, bíb, bíb. Bíb, bíb, bíb.  
Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb'  
Út um allan bæinn.

## Tröllalagið

Hátt uppí fjöllum þar búa tröllin  
Tröllamma tröllapabbi og litli tröllirölli  
Þú sagði tröllamma  
Þú sagði tröllapabbi  
En hann litli tröllli rölli sagði ekki neitt – USS

## Uglulagið

(Lag: The Wide Eyed Owl Þýð.: Hrafnildur Sigurðardóttir)

Það var gömul ugla  
með oddhasst nef,  
tvö lítil eyru  
og átta litlar klær.  
Hún sat uppi' í tré  
og svo komst þú,  
þá flaug hún í burtu'  
og sagði: "Ú-ú-ú".

## Upp á grænum

Upp á grænum, grænum himinháum  
hól  
sá ég hérahjónin ganga.  
Hann með trommu, bom-bom  
bom-bo-rom-bom-bom,  
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim  
ljótur byssukall sem miðaði í hvelli.  
En hann hitti bara trommuna sem small  
og þau hlupu og héldu velli.

## Upp upp upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall, upp á fjallsins  
brún.  
Niður, niður, niður, niður allveg niðr'á  
tún.

Hátt upp í tré í Hallormstaðarskóg,  
ég heyri fagan fuglasöng,  
hæ gúgelí gúgelí gó.

## Út um mela og móa

(Þýð: Ragnar Jóhannesson)

Út um mela og móa  
syngur mjúkrödduð lóa  
og frá sporléttum spóa  
heyrst sprellfjörugt lag

A a a holleratse hía  
holleratse hí hú hú  
:/:holleratse hía holleratse hí hú hú hú:/:  
holleratse hía hú

Út um stendur og stalla  
hlakkar stór veiðibjalla.  
Heyrið ómana alla  
út um flóa og fjörð.

A a a holleratse ...

Hér er krían á kreiki  
hér er krumminn á reiki.  
Börnin léttstíg í leiki  
fara líka í dag.

## Vertu til er vorið kallar á þig

(Rússneskt þjóðlag. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson)

Vertu til, er vorið kallar á þig,  
vertu til að leggja hönd á plóg.  
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

## Vinalagið (meistai Jakob)

:/: Við erum vinir,:/:  
Ég og þú, þú og ég.  
:/: Leikum okkur saman :/:  
Ég og þú, þú og ég.

## Við erum góð

Við erum góð,  
góð hvort við annað.  
Stríðum ekki eða meiðum neinn,  
þegar við grátum huggar okkur einhver  
þerrar tár og klappar okkar kinn.

## Við erum söngvasveinar

:/: Við erum söngvasveinar  
á leiðinni' út í lönd. :/:

Við leikum á flautu,  
á skógarhorn, á skógarhorn,  
við leikum á flautu,  
fiðlu' og skógar horn.

Og við skulum dansa hoppsasa,  
hoppsasa, hoppsasa.

Við skulum dansa hoppsasa,  
húllum hæ.

## Vögguvísa

(Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpalek)

Dvel ég í draumahöll  
og dagana lofa.  
Litlar mýs um löndin öll  
liggja nú og sofa.  
Sígur ró á djúp og dal  
dýr til hvílu ganga.  
Einnig sofna skolli skal  
með skottið undir vanga.

## Það var einu sinni api

Það var einu sinni api  
í ofsa góðu skapi  
hann þoldi ekki sultinn  
og fékk sér banana  
Bananana!! Bananana!!  
Bananana og bananana og bananana!!